

6.tbl.

14. feb. 2024

31 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

Aðalfundur Þingeyjarsýsludeildar Rauða krossins

Aðalfundur Þingeyjarsýsludeildar Rauða krossins verður haldinn

Miðvikudaginn 21. Febrúar kl. 18:00

Á Sel Hótel Mývatn

Dagskrá fundarins:

- Kosning fundarstjóra og fundarritara.
- Skýrsla stjórnar um starf deildarinnar á liðnu starfsári.
- Áritaður og skoðaður ársreikningur lagður fram til afgreiðslu.
- Framkvæmdaáætlun og fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár lagðar fram til kynningar.
- Innsendar tillögur
- Kosning deildarstjórnar.
- Kosning skoðunarmanna og varamanna þeirra.
- Önnur mál.

Kjörgengir í stjórn og atkvæðarétt hafa allir félagar, 18 ára og eldri, sem greiddu **félagsgjöld fyrir árslok 2023**. Fundurinn er opin öllum félagsmönnum og sjálfboðaliðum með sjálfboðaliðasamning. Kosningar í allar trúnaðarstöður deildarinnar eru leynilegar sbr. 9.tl. 19.gr. laga Rauða krossins á Íslandi.

Stjórnin



Rauði krossinn

Kvöldhelgistund á Öskudegi Í Draflastaðakirkju

Miðvikudaginn 14. febrúar
kl. 20:00 verður
kvöldhelgistund á Öskudegi
í Draflastaðakirkju.

Sr. Hafdís Davíðsdóttir
þjónar fyrir altari og Dagný
Pétursdóttir leiðir
safnaðarsöng við orgelið.

Að helgistund lokinni verður
kaffi í boði Jóns og Svönu í
Hjarðarholti





Þingeyjarsveit

Viðtalstími sveitarstjórnarfulltrúa í Ýdölum

Opinn viðtalstími sveitarstjórnarfulltrúa verður í Ýdölum þriðju-daginn 20. febrúar frá kl. 16-18.

Á fundinum gefst íbúum tækifæri á að ræða við sveitarstjórnarfulltrúa málefni sem snerta sveitarfélagið.

Sveitarstjórn hvetur íbúa til að notafæra sér þessa viðtalstíma.



Frá Bókasafninu í Stórutjarnaskóla

Ull og spuni

Dagmar Trodler fjallar um íslenska ull og spuna og sýnir band sem hún hefur spunnið.

Fimmtudagskvöldið 14. febrúar kl. 19:30 -21:30.

Kaffi á könnunni

Takið prónana endilega með!

VORDÆGUR 2024



DAGSETNINGAR

8. - 13. APRÍL (AUKA VÍKA), 22. - 27. APRÍL OG
29. APRÍL - 4. MAÍ (FULLBÓKAÐ)

INNIFALIÐ:

GISTING Í 5 NÆTUR
-
FJÓLBREYTTUR MORGUNVERÐUR
-
LÉTTUR HÁDEGISVERÐUR
-
TVEGGJA RÉTTA KVÖLDVERÐUR
-
LÉTT MORGUNLEIKFIMI
-
SKOÐUNARFERÐ UM MÝVATNSSVEIT
-
SKOÐUNARFERÐ TIL HÚSAVÍKUR
-
AÐGANGUR AÐ HEITUM POTTUM,
SAUNA, POOLBORDI OG PÍLUSPJALDI
-
FÉLAGSVIST, BOCCIA, BINGÓ OG MARGT FLEIRA

UM VORDÆGUR:

FYRIR KÁTT FÓLK 60 ÁRA OG ELÐRA
-
FRÁBÆRT TÆKIFÆRI TIL AÐ GLEÐJAST OG
KYNNAST NÝJU FÓLKI VÍÐSVEGAR AF LANDINU,
AUK ÞESS AÐ LÁTA STJANA VIÐ SIG
-
Á KVÖLDIN VERÐUR SPILAÐ, SUNGIÐ,
DANSAÐ OG SAGÐAR SÖGUR
-
SKEMMTANASTJÓRI ER
SIGURÐUR TRYGGVASON FRÁ LUNDI
-
MORGUNLEIKFIMIN ER Í UMSJÓN ÁSTU PRICE
-
MÝVETNINGARNIR, JÓNAS HELGASON OG
ÞÓRODDUR ÞÓRODDSSON FRÁ GRÆNAVATNI
ÁSAMT STEINDÓRI ÞRÁINSSYNI FRÁ
SKÚTUSTÖÐUM SJÁ UM LEIÐSÖGN

VERÐ 98.500 KR
Á MANN

BÓKANIR FARA Í GEGNUM ÁSDÍSI JÓHANNESDÓTTIR Í SÍMA 861-0274
EÐA SENDA PÓST Á NETFANG HENNAR ASDIS@MYVATN.IS